

26. fundur kennararáðs

Efni fundar: Sjá fyrirbyggjandi dagskrá

Kópavogi, 26. janúar 2023

Tilvísun: M23010372

Fundarmenn: Birgir Urbanic Ásgeirsson, Guðmundur Engilbertsson, Jónína Hauksdóttir, Mjöll Matthíasdóttir, Helga Kristín Kolbeins, Kristín Jónsdóttir, Ragnar F. Ólafsson (mætti kl. 14:35), Sonja Dögg Pálsdóttir og Steinunn Inga Óttarsdóttir.

Fjarverandi: Guðjón H. Hauksson, Helga Kristín Kolbeins, Ingimar Ólafsson Waage og Svandís Ingimundardóttir.

Fundarritari: Ingileif Ástvaldsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Upphaf: Fundardagskrá og fundargerð síðasta fundar
2. Kynningar á reglugerðinni
3. Kynning á Quint rannsóknarverkefninu
4. Önnur mál
 - a. Næsti fundur ráðsins fimmtudaginn 23. febrúar kl. 13-15

Umræður og ákvarðanir:

1. Engar athugasemdir gerðar við dagskrá eða fundargerð. Fundargerð 25. fundar kennararáðs skoðast því samþykkt.
2. Formaður fór yfir samþykktir síðasta fundar vegna kynninga ráðsins á reglugerð um hæfniramma. Hann kynnti síðan skjalið þar sem ráðsfólk getur skráð dagsetningar fundanna og skráð sig til að halda kynningarnar á fundunum. Rætt var um form á fundunum. Umræðan var um hvaða fundaform myndi henta hverjum hópi fyrir sig. Rætt að fjarfundir myndu sennilega henta stjórnendafélögunum og/eða kennaranemum. Fulltrúar háskólanna ákváðu að vera í samráði um fyrirkomulag á kynningunum fyrir kennaranemana. Samþykkt að um miðjan febrúar hefðu ábyrgðarmenn hvers bakhóps sett fundadag kynningar inn í skjalið.

Varaformaður kynnti glærupakkann sem sendur var fundafólki fyrir fundinn og hugmyndinni að því að hver einn aðlagi hann að kynningum sínum. Samþykkt að glærukynningarnar sem verða til hjá hverjum og einum verði vistaðar á Teams-svæði ráðsins.

Rætt um þann hluta kynningarinnar sem fjallar um starfsþróun og hvernig hæfniramminn hefur áhrif á framkvæmd hennar. Einnig urðu umræður um þá grein reglugerðarinnar sem fjallar um starfstengda leiðsögn nýráðinna kennara.

3. Birna María B. Svanbjörnsdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri kynnti [Quint verkefnið](#) (Quality in nordic teaching). Quint-verkefnið er Nordfors rannsóknarverkefni. HÍ og HA eru aðilar að verkefninu. Rannsóknnum þess er ætlað að gefa heildstæða mynd af því hvað einkennir framúrskarandi kennslu í norrænum skólum. Átta norrænir háskólar eru aðilar í verkefninu. Verkefnið byggir á fjórum verkefnum þar sem myndbandsupptökur eru nýttar til rannsóknar, starfsþróunar og kennslu. Gögnum var safnað í 8. bekk í 10 grunnskólum víðs vegar um land. Helstu niðurstöður á Íslandi að meirihluta myndhluta í íslensku, stærðfræði og samfélagsfræði greinist (skv. PLATO) sem takmörkuð gæði nema í bekkjarstjórnun og tímastjórnun.

Þemun í Quint: <https://www.uv.uio.no/quint/english/research/>

- Myndbandsupptökur í kennslustundir
- Myndbandsver
- Starfsþróun kennara
- Kennaramenntun

Birna gaf yfirlit yfir birtingar, kynningar og ráðstefnur sem eru fram undan á vegum verkefnisins:

- Jóhann Örn Sigurjónsson. Doktorsvörn íslensks doktorsnema QUINT, 27. janúar 2023 í hátíðarsal HÍ: Gæði kennslu í stærðfræði á Íslandi: Hugræn virkjun í kennslustundum í stærðfræði í norrænu samhengi.
- Grein um Tengsl fræða og starfs í kennaramenntun: Sjónarhorn nema. Netlu. (samþykkt og er í birtingarferli). Höfundar: Berglind Gísladóttir, Amalía Björnsdóttir, Birna Svanbjörnsdóttir og Guðmundur Engilbertsson.
- Ráðstefna á vegum QUINT í Helsinki 30. maí -2. júní 2023. Teaching Quality & Teacher-Researcher Collaboration. Opportunities, obstacles & orientations (auglýsing hjálögð hefur verið send ráðsfólki í tölvupósti).
- Ráðstefna um QUINT á Íslandi, fyrirhuguð 10. nóvember 2023 í Reykjavík
- Íslensk kennslubók um gæði kennslu (2024), bæði hugsuð fyrir kennaranema og starfandi kennara. (Höfundar eru bæði QUINT rannsakendur og fleiri)

Í umræðum var bent á að fjöldi annarra rannsóknarverkefna tengjast þessu verkefni, m.a.

Connected classrooms: <https://www.uv.uio.no/quint/english/projects/>

- 4.
- a. Formaður ráðsins minnti á að næsti fundur ráðsins verður fimmtudaginn 23. febrúar kl. 13-15.
 - b. Varaformaður greindi frá því að mennta- og barnamálaráðuneytið hefur samþykkt fjárveitingu til Menntafléttunnar að upphæð 40 milljónir króna.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 14:45.

Næsti fundur:

23. febrúar 2023

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara: IÁ